

Fimmtudaginn 7. nóvember 1985.

Nr. 128/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Svani Hvítaness Halldórssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn áfengislögum og umferðarlögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Máli þessu var áfrýjað með stefnu 17. apríl 1985 að ósk ákærða, en jafnframt er af ákærvaldsins hálfu krafist þyngingar á refsingu ákærða.

Ágrip málgagna barst Hæstarétti 9. ágúst 1985.

Um I. lið ákæru.

Ákærði vísaði löggæslumönnum á brennivínsflöskuna í hanskahólfu bifreiðar sinnar. Innsigli flöskunnar hafði þá verið rofið. Ákærði kvaðst hafa ætlað brennivínið til eigin nota með því að veita hestamönnum af því sunnudaginn 5. desember 1982.

Pegar þetta er virt og það enn fremur haft í huga, að ákvæði 4. mgr. 19. gr. áfengisлага nr. 82/1969 er undantekningarákvæði um sönnunarbyrði í refsímálum, sem skýra ber þröngt, þykir rétt að sýkna ákærða af þessum lið ákæru.

Um II. lið ákæru.

Undir þessum ákærulið er ákærða m.a. gefið að sök að hafa eigi virt stöðvunarskyldu á gatnamótum Litluhlíðar og Reykjanesbrautar og heldur eigi á gatnamótum Reykjanesbrautar og Kringlumýrarbrautar. Ákærði hefur staðfastlega neitað þessum sakargiftum.

Að því er fyrrgreind gatnamótin varðar er eigi um það deilt, að stöðvunarskylda var við þau gagnvart umferð suður Reykjanesbraut.

Vitnið Helgi Skúlason rannsóknarlögreglumaður, er veitti ákærða

eftirför í bifreið umrætt sinn ásamt rannsóknarlögreglumanninum Hákonu Birgi Sigurjónssyni, hefur komið fyrir dóm og borið, að hann giski á án þess að þora að fullyrða það, að bifreið þeirra lögreglumanna hafi verið í 200, 300 eða 400 metra fjarlægð á eftir bifreið ákærða í þetta sinn.

Hákon Birgir Sigurjónsson giskar á, að fjarlægð þessi hafi verið 70-100 metrar.

Með þetta í huga svo og það, hvernig aðstæðum er háttað á þessum stað, en náttmyrkur var á, þykir varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi eigi virt stöðvunarskyldu við nefnd gatnamót í umrætt sinn. Ber því að sýkna hann af þessum ákærubætti.

Að því er síðari gatnamótin varðar þá leikur vafi á um það, að stöðvunarskylda hafi verið í gildi gagnvart umferð af Reykjanesbraut inn á Kringlumýrarbraut á þessum tíma. Af hálfu ákæruvaldsins hefur það eigi verið upplýst, samkvæmt hvaða stjórnvaldsboði slíkri stöðvunarskyldu hafi verið komið á.

Ber því einnig að sýkna ákærða af þessum bætti ákæru.

Hins vegar telst sannað með framburði rannsóknarlögreglumannanna Hákonar Birgis Sigurjónssonar og Helga Skúlasonar svo og með framburði ákærða sjálfs, að hann hafi, svo sem í ákæru segir, bæði ekið yfir lögmæltum hámarkshraða í umrætt sinn svo og of hratt og ógætilega miðað við aðstæður.

Telst ákærði með þessu hafa brotið gegn ákvæðum 1., 2., og 3. mgr. a, b og i 49. gr. og 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, sbr. lög nr. 16/1977 og samþykkt nr. 318/1977 um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Um III. lið ákæru.

Samkvæmt þessum ákærulið er ákærða gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 13. nóvember 1983, um kl. 4, selt Jóni Atla Ólafssyni eina flösku af brennivíni fyrir 800,00 krónur í leigu-bifreiðinni Y 146 á leið frá Brautarholti 22 að gatnamótum Skipholts og Nóatúns í Reykjavík.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sakarmat hans varðandi þennan lið ákæru. Telst brot ákærða varða við 18. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Staðfest er sú ákvörðun héraðsdóms, að skilorðsdómur, er upp var kveðinn yfir ákærða í Sakadómi Reykjavíkur 13. janúar 1984, skuli haldast.

Refsing ákærða í þessu máli þykir hæfilega ákveðin 10.000,00 króna sekt í ríkissjóð. Komi 10 daga varðhald í stað sektar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Í hinum áfrýjaða dómi segir m.a.: „Ákærði hefur ítrekað gerst brotlegur við ákvæði 18. gr. áfengislaga“ Þessi ummæli héraðsdómara eru ekki rétt. Ákærða var, með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 27. apríl 1976, dæmd sektarrefsing fyrir brot gegn 18. gr. áfengislaga, er framið var 1. mars 1975. Samkvæmt 3. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 falla ítrekunaráhrif niður, ef liðin eru 5 ár frá þeim degi, er fullnaðardómur var upp kveðinn.

Ákæruatvik samkvæmt þessum ákærulið (III.) gerðist 13. nóvember 1983. Lögreglurannsókn hófst sama dag. Ákærði var hins vegar eigi yfirheyrður af lögreglu fyrr en 14. júní 1984. Þennan drátt á rannsókn málsins ber að átelja.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Svanur Hvítaness Halldórsson, greiði 10.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 10.000,00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómara Hæstaréttar í þessu máli um það, að sýkna beri ákærða af þeim hluta ákæru, sem fjallar um brot gegn 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, með þeirri röksemd, sem greinir í atkvæði meiri hluta dómara um gatnamót

Reykjanesbrautar (Suðurhlíðar) og Kringlumýrarbrautar, en varðandi gatnamót Litluhlíðar og Reykjanesbrautar (Skógarhlíðar) með þeirri röksemd, að miðað við það millibil milli bifreiðar ákærða og lögreglubifreiðarinnar, sem lagt er til grundvallar í atkvæði meiri hluta dómara, mundu hús byrgja útsýn frá lögreglubifreið að bifreið ákærða, er hún kæmi að gatnamótunum.

Sannað er, m.a. með eigin játningu ákærða, að hann ók yfir lög-mæltum hámarkshraða á þeim götum, sem í ákæru greinir, er lög-reglumenn veittu honum eftirför.

Fyrir lögreglu kveðst ákærði hafa ekið með um það bil 80 km hraða á klukkustund. Miðað við þær aðstæður, sem voru, er akstur þessi átti sér stað, þ.e. í þéttbýli, í myrkri og er snjór var yfir og hálka, felst í akstursmáta ákærða alvarlegt brot á þeim ákvæðum 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem í ákæru greinir, auk brota gegn öðrum ákvæðum varðandi aksturshraða, sem greinir í II. kafla ákæru.

Þá er ég sammála meiri hluta dómenda um það, að ekki sé tilefni til athugasemda í héraðsdómi vegna þess að ákærði hafi *ítrekað* gerst brotlegur við ákvæði 18. gr. áfengislaga. Þetta tel ég þó ekki breyta því, að ákærði, sem hefur atvinnu af því að aka leigubíl til mannflutninga og hafði að eigin sögn keypt áfengi það, sem í bifreið hans var, a.m.k. nær 2 sólarhringum áður en það fannst í bifreið hans, hafi ekki fært nægilega sterkar líkur að því, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu.

Í héraðsdóm vantar tilvísun til 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978, svo og tilvitnun í 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga í sambandi við ákvörðun refsingar. Ég tel refsingu í héraðsdómi hæfilega, þó að ekki verði séð af dómnum, að héraðsdómari hafi haft hliðsjón af greindum hegningarlaga-ákvæðum við ákvörðun refsingar.

Með þessum athugasemdum tel ég, að staðfesta eigi héraðsdóm með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

Ég tel því, að *dómsorð* ætti að vera svohljóðandi:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Svanur Hvítaness Halldórsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 5. mars 1985.

Mál þetta, er dómtekið var 6. mars sl., er höfðað af ákærvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 16. ágúst 1984, „á hendur Svani Hvítaness Halldórsyni, leigubifreiðarstjóra, Melaheiði 3, Kópavogi, fæddum 1. mars 1935 í Reykjavík, fyrir eftirgreind brot gegn áfengis- og umferðarlögum:

I.

Að hafa að morgni sunnudagsins 5. desember 1982 um kl. 6 haft meðferðis í leigubifreiðinni Y-146, sem ákærði ók frá Hreyfli í Reykjavík, eina flösku af brennivíni, sem telja verður að ákærði hafi ætlað til sölu, en lögreglan veitti ákærða eftirför frá Stórholti í Reykjavík að heimili hans, þar sem áfengið fannst í hanskahólfi bifreiðarinnar.

Telst þetta varða við 4. mgr. 19. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978.

II.

Að hafa í framangreint skipti, er lögreglan veitti ákærða eftirför um götur í Reykjavík og Kópavogi, en ekið var eftir Stórholti, Lönguhlíð, Litluhlíð, Reykjanesbraut, Kringlumýrarbraut, Digranesvegi, Gagnheiði og Melaheiði að heimili ákærða, ekið yfir lögmæltum hámarkshraða, eigi virt stöðvunarskyldu og ekið of hratt og ógætilega miðað við aðstæður, en skuggsýnt var og mikil hálka. Ákærði virti eigi stöðvunarskyldu á gatnamótum Litluhlíðar og Reykjanesbrautar og á gatnamótum Reykjanesbrautar og Kringlumýrarbrautar, ók yfir lögmæltum hámarkshraða (50-60 km á klukkustund) á Reykjanesbraut, þar sem ákærði ók á allt að 95 km hraða á klukkustund og á Digranesvegi, þar sem ákærði ók á allt að 100 km hraða á klukkustund.

Telst þetta varða við 4. mgr. 48. gr., 1., 2. og 3. mgr. a., b. og i. 49. gr. og 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, sbr. lög nr. 16, 1977, og samþykkt nr. 318, 1977 um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2, 1930.

Aðfaranótt sunnudagsins 13. nóvember 1983 um kl. 4 selt Jóni Atla Ólafssyni eina flösku af brennivíni fyrir kr. 800,00 í framangreindri leigu-

bifreið á leið frá Brautarholti 22 að gatnamótum Skipholts og Nóatúns í Reykjavík.

Telst þetta varða við 18. gr., sbr. 33. gr., áfengisлага.

IV. (sic).

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Samkvæmt lögregluskýrslum er upphaf máls þessa það, að aðfaranótt sunnudagsins 5. desember 1982 voru lögreglumennirnir Helgi Skúlason og Hákon Sigurjónsson við eftirlit með áfengislagabrotum leigubifreiðastjóra. Veittu þeir þá athygli tveimur bifreiðum kyrrstæðum, er stóðu gagnstætt hvor annarri á Stórholti skammt austan Skipholts og Einholts. Bifreiðarnar báru skráningarmerkin R-720 og Y-146, og báru lögreglumennirnir kennsl á ökumann síðarnefndu bifreiðarinnar, og var það ákærði í máli þessu. Lögreglumennirnir kváðust hafa séð hönd ákærða koma út um gluggann á bifreiðinni Y-146 og rétt yfir í bifreiðina R-720 hlut, er var að ytri lögun eins og áfengisflaska. Skömmu síðar var bifreiðinni ekið af stað og hófu lögreglumennirnir þá þegar eftirför á eftir Y-146, sem ekið var austur Stórholt og sem leið lá um Lönguhlíð í suður, Litluhlíð að Eskitorgi upp á Reykjanesbraut og Kringlumýrarbraut, Digranesveg í austur, Gagnheiði í norður, Melaheiði í austur að heimili ákærða nr. 3 við Melaheiði.

Lögreglumennirnir kváðust hafa ekið með jöfnu millibili eftir Y-146 frá Skipholti að Eskitorgi og á Litluhlíð frá Eskitorgi að Reykjanesvegi. Á gatnamótum Litluhlíðar og Reykjanesvegur er biðskyldumerki, og hafði ákærði ekki virt biðskylduna, heldur ekið rակleiðis inn á Reykjanesveg. Hafi ákærði aukið mjög ferð bifreiðar sinnar, þegar hér hafi verið komið sögu, þannig að á móts við Nesti hafi hraðamælir bifreiðar lögreglumanna, R-67374, sýnt 90-95 klst. (sic) en jafnt millibil hafi verið á milli bifreiðanna. Bifreið ákærða hafi verið ekið viðstöðulaust inn á Kringlumýrarbraut og hafi ákærði eigi virt stöðvunarskyldumerki á gatnamótum Reykjanesbrautar og Kringlumýrarbrautar. Bifreiðinni hafi síðan verið ekið upp á Kópavogsbrú að Digranesvegi á mikilli ferð og austur Digranesveg og hafi þá bilið heldur aukist á milli bifreiðanna. Á Digranesvegi hafi hraðamælir bifreiðar lögreglumanna sýnt 95-100 km/klst. Ekki hafi verið hægt á bifreiðinni Y-146, en henni hafi verið ekið yfir upphækkun, sem er á Digranesvegi og merkt er sérstaklega. Á Digranesvegi kváðust lögreglumennirnir hafa leitað aðstoðar lögreglunnar í Kópavogi. Lögreglumennirnir kváðust hafa stöðvað för ákærða, er hann gekk að útidyrum heimilisins síns að Melaheiði 3, Kópavogi.

Aðspurður hafi ákærði viðurkennt að hafa áfengisflösku í hanskahólfi bifreiðarinnar. Hafi ákærði veitt lögreglumönnum heimild til leitar í bifreiðinni Y-146, og fannst ein áfengisflaska, þriggja þela flaska af íslensku brennivíni, í hanskahólfi bifreiðarinnar.

Vitnið Hákon Birgir Sigurjónsson rannsóknarlögreglumaður hefur fyrir dómi staðfest lýsingu af eftirför ákærða, eins og að ofan greinir. Vitnið kvað þá lögreglumennina hafa haft tal af ákærða, er hann stóð fyrir utan heimili sitt. Vitnið kvað ákærða í fyrstu ekki hafa viljað koma inn í bifreið lögreglumanna, og kvaðst vitnið þá hafa sagt ákærða, að hann yrði þá handtekinn vegna gruns um sölu á áfengi. Vitnið kvað ákærða hafa gefið þá skýringu á áfengisflösku þeirri, er fannst í hanskahólfi bifreiðar hans, að hann hafi keypt hana og ætlað til eigin nota. Þegar hér hafi verið komið í sögu, hafi lögreglan í Kópavogi verið komin á vettvang. Vitnið kvað lagt hefði verið hald á áfengisflöskuna. Var ákærði síðan færður til yfirheyrslu á lögreglustöðina í Reykjavík.

Vitnið Helgi Skúlason rannsóknarlögreglumaður hefur í öllum meginatriðum skýrt frá á sama veg og hér að framan hefur verið rakið, en vitnið var ökumaður í eftirförinni heim til ákærða. Vitnið kvaðst hafa orðið vitni að því, þegar hlutur, sem sýndist álangdar geta verið áfengisflaska í brúnum bréfpoka, var handlangaður úr bifreið ákærða, Y-146, inn í aðra leigu-bifreið, er var samhliða, en snéri í gagnstæða átt í Stórholtinu. Um eftirförina kvaðst vitninu sér hafa virst (sic), að ákærði hafi orðið þeirra var augnabliki eftir að þeir lögreglumennirnir taka eftir bílunum tveim, og gaf þá ákærði „allt í botn og keyrði þessa leið eins og hann ætti lífið að leysa og nánast eins og druslan dró.“ Vitnið lýsti aðstæðum á þá leið, að sig minnti, að það hefði verið slæmt skyggni, hálkublettir á götum, klakabunkar „á inngötum“, en ekki aðalgötum. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort það hafi rignt eða snjóað. Vitnið kvaðst ekki muna, á hvaða hraða ákærði ók áleiðis heim til sín, en kvaðst muna, að það hafi verið yfir lögmæltum hámarkshraða. Um nánari lýsingu á ökuhraða Y-146 kvaðst vitnið vísa til lögregluskýrslu sinnar, er var rituð í beinu framhaldi af atburðunum. Vitnið minnti, að í umrætt sinn hafi þeir verið á óeinkennismerktri bifreið, tegund Mitsubishi Lancer frá Bílaleigu Akureyrar. Hafi bifreið þessi verið hraðamæld af umferðadeild lögreglunnar í Reykjavík daginn eftir og hafi komið í ljós, að ökuhraði hennar hafi verið meiri en hraðamælir sýndi. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt, hvaða millibil hefði verið á milli bifreiðanna í eftirförinni, taldi, að það gæti hafa verið frá 200-400 metrar, en kvaðst ekki geta fullyrt neitt um það. Vitnið skýrði frá því, að áfengisflaska sú, er fannst í hanskahólfi bifreiðar ákærða, hafi verið óátekinn, en með rofið inn-sigli. Vitnið kvaðst ekki muna, hvaða skýringar ákærði hafi gefið á því að áfengisflaska hafi verið í bifreið hans.

Vitnið var innt nánar fyrir dómi um upplýsingaskýrslu þá, er vitnið ritaði 3. desember 1982, dómskjal nr. 4, skjal nr. 2, bls. 1, en þar kemur fram, að lögreglumönnum, sem unnið hafa að eftirliti með leynivínsölu leigubílstjóra, hafi ítrekað borist upplýsingar frá ýmsum aðiljum, er ekki vilja láta nafns síns getið, að ákærði stundi leynivínsölu í mjög miklum mæli. Þá er því haldið fram, að ákærði sé mjög vel þekkt nafn meðal þeirra, sem leita eftir áfengi utan opnunartíma áfengisútsala ÁTVR. Vitnið kvaðst hafa yfirheyrt og kært fleiri tugi leigubílstjóra og hafi þeim og öðrum, er vitnið kvaðst hafa rætt við, hafa borið saman um það, að ákærði stundi leynivínsölu. Vitnið kvað engan, sem það hefði rætt við, hafa verið tilbúinn til þess að láta nafn síns getið.

Ákærði hefur sjálfur skýrt svo frá fyrir dómi, að áfengisflösku þá sem fannst í hanskahólfi bifreiðar hans, hafi hann ætlað sér að veita hestamönnum næsta dag, en hann fari gjarnan í reiðtúr á sunnudögum. Hafi hann ætlað sér að veita áfengi, ef hann fengi heimsókn í hesthúsið. Ákærði kvaðst ekki muna, hvenær hann hafi keypt umrædda flösku, en taldi, að það hefði verið föstudaginn 3. desember. Ákærði var fyrir dómi beðinn að skýra frá því, hvað hann hefði verið að gera aðfaranótt 5. desember 1982 í Stórholti. Ákærði skýrði frá því, að hann hefði komið þangað að beiðni Sighvats Péturssonar leigubílstjóra, en Sighvatur hefði verið með farþega, sem óskaði eftir að fara til Hveragerðis. Ákærði kvaðst ekki hafa haft áhuga á þessari ferð, en þá hafi Sighvatur rétt yfir í bíl sinn akstursnótu með nafni Hreiðars Sigurbjörnssonar leigubílstjóra og hafi spurt ákærða, hvort hann kannaðist við manninn, þar sem farþegi skuldaði manni þessum peninga. Eftir að hafa lesið á miðann kvaðst ákærði hafa rétt miðann aftur í bíl Sighvats. Ákærða var fyrir dómi bent á það, að misræmi væri milli framburðar hans og Sighvats Péturssonar, en í lögregluskýrslu, dagsettri 5. desember 1982, heldur Sighvatur því fram, að ekkert hafi farið á milli bílanna. Ákærði kvaðst halda fast við fyrri framburð sinn.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði umrædda nótt ekið í „léttara lagi.“ Með þeim orðum kvaðst ákærði eiga við ökuhraða, sem sé rétt fyrir ofan lögmæltan hámarkshraða. Ákærði kvað enga umferð hafa verið þessa nótt og skilyrði til þess að aka hratt. Ákærði kvaðst aka eftir aðstæðum, en ekki hraðamælinum. Ákærði mótmælti því, að hann hefði ekki virt stöðvunarskyldu. Hann kvað það vera ósjálfráð viðbrögð að stöðva við slík merki. Ákærði mótmælti því, að hann hafi verið á 100 km/klst. á Digranesveginum, sem hann taldi alveg útilokað vegna upphækkunarinnar. Ákærði taldi, að það hefði verið fyrst á Digranesveginum sem hann hefði veitt því athygli, að honum var veitt eftirför.

Ákærði mótmælti fyrir dómi upplýsingaskýrslu vitnisins Helga Skúla-

sonar rannsóknarlögreglumanns, dagsettri 3. desember 1982, á þeirri forsendu, að upplýsingaaðiljar eru ónafngreindir.

Sunnudaginn 13. nóvember 1983 voru lögreglumenn í lögreglunni í Reykjavík samkvæmt eigin skýrslu „staddir við Brautarholt 22, Reykjavík, gagngert til þess að fylgjast með, hvort ólögleg áfengissala færi fram við húsið.“

Vitnið Óskar Kristjánsson lögreglumaður, Lækjarási 14, skýrði frá því fyrir dómi, að hann hefði verið staddur þarna fyrir utan húsið ásamt Jóhannesi Viggóssyni lögreglumanni vegna þess orðróms, að leigubílstjórar og aðrir leynivínsalar færu oft í þetta hús með áfengi. Vitnið kvaðst hafa ekið upp að húsinu og hafi þá ungur ljóshærður maður komið út úr húsinu og gengið rakleiðis í átt að bifreið hans. Er hann nálgadist hafi hann séð, að vitnið var ekki sá, er hann ætlaði sér að hitta, og hafi farið inn í húsið aftur. Vitnið kvaðst þá hafa fært sig til og lagt bílnum hinumegin götunnar gegnt útidyrnum, en Jóhannes hafi verið á öðrum bíl, er stóð vestan við innganginn á Brautarholti 22. Örskömmu síðar hafi leigubifreið, Y-146, ekið að húsinu og hafi sami maðurinn komið út úr húsinu og sest í framsæti leigubifreiðarinnar. Ákærði kvaðst hafa þekkt ökumann bifreiðarinnar og hafi það verið ákærði í máli þessu. Ákærði hafi að því búnu ekið af stað og hafi vitnið og Jóhannes veitt ákærða eftirför. Ákærði hafi ekið austur Brautarholt og beygt upp Skipholt og stöðvað við gatnamót Skipholts og Nótatúns. Þar hafi farþeginn farið út úr bifreiðinni. Ákærði hafi ekið mjög greitt af stað og farið vestur yfir Nótatúnið. Vitnið kvað þá lögreglumennina hafa lagt áherslu á að ná farþeganum og hafi þeir því ekki veitt ákærða eftirför. Vitnið kvað farþegann hafa verið klæddan þunnum ljósbláum mittisjakka, er féll að líkamanum. Vitnið taldi sig geta fullyrt, að farþeginn hafi ekki getað verið með áfengisflösku innan klæða, er hann fór inn í bifreiðina, en það hafi verið augljóst, að hann hafði eitthvað slíkt innan klæða, er hann fór út úr bifreiðinni. Vitnið kvaðst hafa veitt farþeganum eftirför og stöðvað hann, er hann var kominn að húsinu Brautarholti 22.

Farþeginn reyndist vera Jón Atli Ólafsson. Vitnið kvað Jón Atla lítið hafa viljað við þá ræða í fyrstu, en er þeir sýndu lögregluskírteini, þá viðurkenndi hann að hafa keypt áfengisflöskuna hjá ákærða rétt áður. Hafi hann keypt áfengið í samráði við félaga sinn, er biði inni, og gæti sá maður staðfest frásögn hans. Vitnið kvað Jón Atla hafa nafngreint ákærða og hafi sagt, að þeir hafi heyrt, að hann seldi áfengi. Vitnið kvað engar tilraunir hafa verið gerðar þá um nóttina til þess að hafa samband við ákærða. Vitnið kvað Jón Atla hafa farið með þeim á lögreglustöðina ásamt Örlygi Þórðarsyni og hafi þeir gefið skýrslu um atburðinn. Lagt hafi verið hald á áfengisflöskuna.

Vitnið Jóhannes Viggósson lögreglumaður, Hamraborg 26, Kópavogi,

hefur í öllum meginatriðum skýrt á sama veg og hér að framan er rakið, en hann starfaði með Óskari Kristjánssyni umrætt kvöld. Vitnið lagði áherslu á það, að þeir hefðu aldrei misst sjónar af Jóni Atla, frá því að hann kom út úr húsinu þar til þeir höfðu tal af honum. Vitnið taldi ólíklegt, að Jón Atli hafi getað verið með flösku innan klæða, er hann kom út úr húsinu, en hún hefði verið augljós, þegar hann kom hins vegar út úr leigubifreiðinni.

Vitnið Jón Atli Ólafsson verkamaður, Holtsgötu 9, Sandgerði, kom fyrir dóm. Vitnið kvaðst ekki muna í smáatriðum atburði þessa. Það mundi ekki, hvort það hefði hringt eftir leigubifreið eða hvort kunningi sinn hefði gert það, en taldi líklegra, að kunninginn hefði hringt. Það mundi heldur ekki í fyrstu yfirheyrslum, hvaða leið leigubílstjórinn ók. Vitnið bar það fyrir dómi, að hann hefði farið í þennan leigubíl í þeim eina tilgangi að kaupa áfengi og það hafi hann gert. Vitnið kvaðst kannast við ákærða, en aldrei haft við hann viðskipti fyrr. Vitnið kvaðst hafa beðið ákærða að selja sér áfengisflösku, og hafi ákærði selt sér eina flösku af íslensku brennivíni. Vitnið kvaðst ekki muna, hvað það greiddi fyrir flöskuna. Í lögregluskýrslu, er vitnið gaf aðfaranótt 13. nóvember 1983, kvaðst vitnið hafa greitt 800 kr. fyrir flöskuna. Í nefndri lögregluskýrslu kemur fram, að ákærði hafi ekið frá Brautarholti upp í Skipholt og á horni Skipholts og Nóatúns hafi vitnið farið út úr bifreiðinni. Í síðari skýrslu fyrir dómi taldi vitnið, að þeir hefðu ekið upp Brautarholt og inn Skipholt og niður Skipholt. Ákærði hafi svo einhvers staðar snúið við og ekið upp Skipholt og hefði vitnið farið út úr bifreiðinni á mótum Skipholts og Nóatúns. Vitnið neitaði því að hafa farið út úr bifreiðinni á þessari leið. Vitnið kvaðst hafa verið töluvert undir áhrifum áfengis.

Vitnið Örlygur Þórðarson verkamaður, Keldulandi 15, Reykjavík, skýrði frá því fyrir dómi, að það hafi ásamt Jóni Atla Ólafssyni rætt um það fyrrgreint kvöld, hvort þeir ættu að kaupa áfengi á „svörtum markaði.“ Hafi Jón Atli lýst því yfir, að honum væri kunnugt um leigubílstjóra á Hreyfli, sem selji áfengi, og hafi honum jafnframt verið kunnugt um kallnúmer hans. Hafi Jón Atli sagt sér númerið og hafi vitnið farið niður og hringt og beðið um þennan tiltekna bíl. Hafi síðan Jón Atli farið út. Það næsta, er gerðist, var, að lögreglumaður kom upp í herbergið til vitnisins og fór þess á leit við það að það fylgdi honum niður á lögreglustöð og gæfi skýrslu, og kvaðst vitnið hafa gert það. Vitnið kvaðst ekki vita, á hvaða verði Jón Atli hafi keypt áfengisflöskuna, en taldi það hafa verið milli 600-800 krónur. Vitnið kvaðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis, en Jón Atli hafi verið undir áhrifum.

Vitnið Óskar Berg Sigurjónsson bílamálari, Grensásvegi 24, Reykjavík, gaf skýrslu fyrir dómi. Vitnið kvaðst á þessum tíma hafa starfað sem hús-

vörður að Brautarholti 22. Vitnið kvaðst muna eftir Jóni Atla Ólafssyni og hann hafi þetta umrædda kvöld farið á brott í leigubifreið. Jón Atli hafi komið gangandi heim að húsinu skömmu síðar og hafi í sömu andrá ljósleit japönsk bifreið ekið að húsinu og menn stigið út úr bifreiðinni og haft tal af Jóni Atla. Hann hafi farið inn í bifreiðina og ekið á brott með þeim. Vitnið kvaðst ekki minnast þess, að lögreglumaður hafi komið inn í húsið og annar gestur farið í fylgd lögreglumannsins út úr húsinu. Vitnið taldi sig muna vel eftir þessari ljósleitu japönsku bifreið, vegna þess að það hefði veitt bifreiðinni eftirtekt fyrr um kvöldið. Billinn hefði staðið á horni Brautarholts og Nóatúns og hefði gjarnan fylgt bilum eftir, er fóru frá húsinu Brautarholti 22, en hann hefði ávallt verið kominn aftur að stuttri stund liðinni. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt, hvort bifreiðin hafi fylgt leigubifreiðinni eftir, þegar Jón Atli fór frá húsinu.

Ákærði hefur sjálfur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann kannist við Jón Atla Ólafsson, og kvaðst muna eftir því, er hann ók honum í umrætt sinn. Ákærði kvað Jón Atla hafa verið undir áhrifum áfengis og hafa viljað aka um bæinn. Ákærði kvaðst ekki hafa viljað gera það á annatíma, þar sem dansleikjum væri rétt að ljúka. Hann hafi því ekið niður undir Meðalholt og stöðvað þar sem Pólarrafgeymar eru, þar hafi Jón Atli farið út úr bifreiðinni smástund. Síðan hafi hann ekið upp Skipholt og stöðvað mótis við Nóatún. Jón Atli hafi farið út úr bifreiðinni og haft á orði, að hann hlypi héðan.

Ákærði neitaði því alfarið að hafa selt Jóni Atla Ólafssyni eina flösku af íslensku brennivíni. Ákærði taldi framburð vitnisins rangminni, en gat að öðru leyti ekki gefið neinar skýringar á því, hvaðan þessi flaska hafi komið.

Ekki reyndist unnt með samprófun að samræma framburð vitna og ákærða.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

1951 18/1 í Reykjavík: Dómur: 20 daga varðhald, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 219. gr. hegningarlaga, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

1952 27/10 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar.

1953 3/2 í Reykjavík: Sátt, 60 kr. sekt fyrir brot á umferðar- og bifreiðalögum.

1953 1/10 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga.

1955 2/2 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga, og 46. gr. lögreglusamþykktar.

1956 5/10 í Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 26., sbr. 38. gr. bifreiðalaga.

- 1957 22/6 í Kópavogi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 26. og 27. gr. bifreiðalaga.
- 1957 23/8 í Kópavogi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.
- 1957 17/10 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 219. gr. hegningarlaga, og 27. gr. bifreiðalaga og 46. gr. lögreglusamþykktar.
- 1959 20/5 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir ökuhraða.
- 1960 23/11 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir umferðarslys.
- 1961 20/1 í Reykjavík: Sátt, 7.100 kr. sekt fyrir brot á 18. og 19. gr. áfengislaga.
- 1961 21/7 í Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
- 1961 29/9 í Kópavogi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
- 1962 22/6 í Kópavogi: Áminning fyrir brot á 3.mgr. 45. gr. umferðarlaga.
- 1962 1/10 í Kópavogi: Sátt, 500 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
- 1963 30/5 í Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
- 1963 4/10 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
- 1963 7/11 í Kópavogi: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 49. gr. umferðarlaga.
- 1966 7/6 í Kópavogi: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.
- 1966 29/9 í Kópavogi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 49. og 50. gr. umferðarlaga.
- 1967 26/7 í Kópavogi: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.
- 1967 31/8 í Kópavogi: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á reglum um stöðumæla og 6. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
- 1967 31/10 í Kópavogi: Dómur: Sýknaður af ákæru um meint brot á 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 4. mgr. 45. gr. umferðarlaga.
- 1969 5/5 í Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.
- 1975 13/10 í Kópavogi: Dómur: 8.000 kr. sekt fyrir brot á 19. gr., 3. mgr., sbr. 2. mgr. 42. gr. áfl.
- 1976 27/4 í Kópavogi: Dómur Hæstaréttar: Hinn áfrýjaði dómur, dags. 13/10 1975, á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa að telja. Ólöglegur hagnaður, 1.830 kr., á að vera upptækur til ríkissjóðs.
- 1984 13/1 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur f. brot g. 155. gr. hgl. Ákvörðun um refsingu frestað skb. 2 ár.

Af hálfu ákærða hefur verið lögð fram skrifleg vörn. Ákærði gerir þær dómkröfur að verða sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu. Jafnframt er krafist, að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun að mati dómsins.

Varðandi lið I í ákæru, dagsettri 16. ágúst 1984, er sök talin ósönnuð

af hálfu ákærða. Ákærði heldur því fram að hann hafi ætlað flöskuna til eigin nota. Hann hafi keypt hana föstudeginum áður og gleymt í hanska-hólfi bifreiðarinnar. Það hafi verið ætlun ákærða að veita hestamönnum áfengi þessa tilteknu helgi. Þá er því haldið fram, að flaskan hafi verið átekin, þegar ákærði hafi framvísað henni til lögreglunnar. Sýknukrafan er enn fremur á þeim rökum reist, að ákvæði 4. mgr. 19. gr. áfengislaga nr. 82/1969 eigi ekki við, þar sem flaskan hafi fundist á heimili ákærða. Auk þess hafi eigi legið fyrir rökstuddur grunur skv. 3. mgr. 19. gr. áfengislaga.

Af hálfu ákærða er ákærulið II í ákæru mótmælt á þeirri forsendu, að verknáðarlýsing byggist eingöngu á framburði kærenda, en framburði þeirra er mótmælt sem vilhóllum og röngum. Kærendur hafi fyrirfram verið með mótaðar skoðanir á ákærða honum í óhag. Enn fremur er því haldið fram, að fjarlægðin hafi verið það mikil milli bifreiðanna, að útilokað hafi verið fyrir kærendur að sjá, hvort ákærði virti t.d. stöðvunarskyldu t.d. á gatnamótum Litluhlíðar og Reykjanesbrautar. Enn fremur er á það bent af hálfu ákærða, að stöðvunarskylda hefur ekki ávallt verið á gatnamótum Reykjanesbrautar og Kringlumýrarbrautar. Í dag er einungis biðskylda á þessum gatnamótum. Af hálfu ákæruvaldsins hafi ekki verið upplýst sérstaklega, hvaða regla gildi á þeim tíma, sem hér um ræðir, og beri því að sýkna ákærða af þessum þætti ákæruliðsins.

Ákærði mótmælir alfarið að hafa selt Jóni Atla Ólafssyni flösku af brennivíni aðfaranótt 13. nóvember 1983. Því er haldið fram, að framburður kærenda sé léttvægur, m.a. af þeirri ástæðu, að kærendur hafi ekki hirt um að skýra frá því, að þeir hafi verið á tveimur bifreiðum, er þeir veittu ákærða eftirför í umrætt sinn. Enn fremur er á það bent, að ekki náðist samræmi í frásögn kærenda annars vegar og Jóns Atla Ólafssonar hins vegar um þá leið, er ákærði á að hafa ekið Jóni. Því er haldið fram, að kærendur hafi ekki veitt ákærða eftirför í umrætt sinn. Eftir standi því fullyrðing Jóns Atla gegn fullyrðingum ákærða um meinta áfengissölu.

Niðurstaða.

Aðfaranótt 5. desember 1982 voru rannsóknarlögreglumenn í eftirliti með ólöglegri áfengissölu. Veittu þeir athygli tveimur leigubifreiðum, er stóðu andspænis hvor annarri á Stórholti skammt austan Skipholts og Einholts. Báru rannsóknarlögreglumennirnir kennsl á bifreiðastjóra annarrar bifreiðarinnar, en hann er ákærði í máli þessu. Því er haldið fram, að ákærði hafi rétt hlut út um glugga vinstri framhurðar bifreiðar sinnar yfir í hina bifreiðina, sem að ytri lögun líktist áfengisflösku. Skömmu síðar óku bifreiðarnar af stað, og veittu rannsóknarlögreglumennirnir ákærða eftirför en hann ók leigubifreiðinni Y-146 áleiðis heim til sín að Melaheiði 3, Kópa-

vogi. Rannsóknarlögreglumennirnir stöðvuðu för ákærða, er hann stóð við útidyr heimili síns. Ákærði viðurkenndi að hafa haft meðferðis eina flösku af áfengi í hanskahólfí bifreiðarinnar. Fyrir dómi minnti ákærða, að hann hefði keypt flöskuna föstudaginn 3. desember og það hafi verið ætlun sín að veita hestamönnum áfengi þennan sama dag, sunnudaginn 5. desember, en hann fari gjarnan í útreiðartúra um helgar.

Þegar aðdragandi málsins er virtur og haft er í huga, að ákærði hefur ítrekað verið ákærður fyrir brot á 4. mgr. 19. gr. og 18. gr. áfengislaga og fundinn sekur að ólöglegri áfengissölu, sbr. Hrd. 1976: 379 og með tilliti til sakarlíkindareglu 4. mgr. 19. gr. áfengislaga, þykir ákærði ekki hafa fært nægilega sterkar líkur að því, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu. Ákærði hefur því gerst sekur við 4. mgr. 19. gr. áfengislaga nr. 82, 1969.

Rannsóknarlögreglumennirnir veittu ákærða eftirför umræddan morgun frá Stórholti að heimili hans, Melaheiði 3, Kópavogi. Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa ekið „í léttara lagi“, en með þeim orðum eigi hann við yfir lögmæltum hámarkshraða. Ákærði mótmælti hins vegar að hafa ekið á þeim hraða sem hann er ákærður fyrir. Með hliðsjón af framburði kæranda og játningu ákærða verður ákærði talinn hafa brotið ákvæði 1., 2. og 3. mgr. a., b og i 49. gr. og 1. mgr. 50. gr. (sic), sbr. lög nr. 16, 1977 og samþykkt var (sic) 318, 1977 um breytingu á lögreglu-samþykkt fyrir Reykjavík nr. 2, 1930.

Ekki er unnt að fallast á rök ákærða fyrir því, að verknaðarlýsing rannsóknarlögreglumannanna verði ekki lögð til grundvallar við ákvörðun sektar. Þar sem svo er og þar sem telja verður samkvæmt frásögn þeirra, að þeir hafi haft möguleika á að fylgjast með því, hvort ákærði virti stöðvunarskylda á gatnamótum þeim, sem hér um ræðir, verður að telja, að ákærði hafi gerst brotlegur við ákvæði 4. mgr. umferðarlaga (sic) nr. 40, 1968 með því að stöðva ekki á gatnamótum Litluhlíðar og Reykjanesbrautar annars vegar og Reykjanesbrautar og Kringlumýrarbrautar hins vegar, enda var stöðvunarskylda á báðum þessum gatnamótum í desember 1982.

Ákærði hefur mótmælt að hafa selt vitninu Jóni Atla Ólafssyni eina þriggja pela áfengisflösku af íslensku brennivíni aðfaranótt sunnudagsins 13. nóvember 1983. Þegar framburður vitna er virtur, en fyrir liggur, að Jón Atli kvaðst hafa keypt nefnda áfengisflösku af ákærða, vitnið Örlygur Þórðarson kvaðst hafa pantað leigubifreiðina nr. 146 á leigubifreiðastöð Hreyfils, vitnið Óskar Berg Sigurjónsson kvaðst hafa fylgst með Jóni Atla, er hann fór út í leigubifreið, og kvaðst ekki hafa séð, að Jón Atli hafi haft áfengisflösku, er hann gekk út í leigubifreiðina, og frásögn lögreglumannanna, þykir komin fram lögfull sönnun, að ákærði hafi selt Jóni Atla Ólafssyni fyrrgreinda áfengisflösku, enda þykir ósamræmi í frásögn lög-

reglunnar annars vegar og ákærða hins vegar og ákærða annars vegar og Jóns Atla hins vegar um þá leið, er ákærði ók Jóni Atla frá Brautarholti 22 að gatnamótum Skipholts og Nóatúns, ekki leiða til sýknu ákærða á III. lið ákæru. Samkvæmt þessu hefur ákærði gerst sekur við 18. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Ákærði hefur ítrekað gerst brotlegur við ákvæði 18. gr. áfengislaga, en af hálfu ákæruvaldsins hefur ekki verið gerð krafa til þess, að við ákvörðun refsingar verði beitt ákvæðum 42. gr. áfengislaga.

Ákærði var með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 13. janúar 1984, sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Var ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í 2 ár. Rétt þykir að láta skilorðsdóminn haldast skv. heimild í 60. gr. almennra hegningarlaga, þar sem refsing vegna brota, sem ákærði er nú ákærður fyrir, varðar sektum.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með vísan til þeirra refsilaga-ákvæða, sem ákært er eftir, sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 15.000,00, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Af hálfu ákæruvaldsins hefur ekki verið gerð krafa til þess að gera upp-tækt til ríkissjóðs 1 flösku af brennivíni, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, samkvæmt c-lið 34. gr. áfengislaga nr. 82, 1969.

Þá hefur af hálfu ákæruvaldsins ekki verið gerð krafa um upptöku ólög-mæts hagnaðar ákærða af sölu áfengisflösku þeirrar, er hann seldi og greinir í III. lið ákæru, skv. heimild í 3 tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegning-arlaga nr. 19, 1940.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. máls-varnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmaris Ingimundarsonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 10.000,00.

Við rannsókn máls þessa hefur komið í ljós, að lögreglumenn þeir, er veittu ákærða eftirför frá Stórholti í Reykjavík að Melaheiði 3, Kópavogi, óku þessa leið á ólöglegum hraða án þess að hagsmunir þeir, er í húfi voru, réttlættu slíkar aðgerðir.

Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Svanur Hvítaness Halldórsson, greiði sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 15.000,00, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Hilmaris Ingimundarsonar hrl., kr. 10.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.